

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. nóvember 2014

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um yfirskattanevnd o.fl., 363. mál.

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið til umsagnar framangreint frumvarp þar sem lagðar eru til breytingar á femum lögum. Efnislega fela tillögurnar í sér að að ríkistollanevnd verði lögð niður og verkefni hennar færð til yfirskattanevndar auk þess sem úrskurðarvald yfirskattanevndar verði endurskilgreint með almennari hætti en nú er gert og að framkvæmd gjaldbreytinga verði flutt frá yfirskattanevnd til viðeigandi stjórnvalda. Þá er lagt til að fellt verði á brott skilyrði um tæmingu kæruleiða í lögum um virðisaukaskatt. Að lokum er lagt til að kveðið verði sérstaklega á um það í lögum að bera megi ákvarðanir um alla þætti skattamála undir dómstóla án tillits til eðlis ágreinings eða hvort um sé að ræða ákvarðanir lægra eða æðra setts stjórnvalds. Frumvarpið byggir á drögum sem unnin voru af starfshóp um yfirskattanevnd og ríkistollanevnd sem skipaður var af fjármála- og efnahagsráðherra til að vinna úr tilteknum tillögum nefndar sem fjallaði um stjórnsýslu skattamála en skýrsla með niðurstöðum nefndarinnar voru birtar á vef fjármála- og efnahagsráðuneytisins þann 4. febrúar 2014.

SA telja tillagðar breytingar jákvæðar og hvetja samtökin til að leitast verði leiða til að tryggja samlegðaráhrif af sameiningu nefndanna. Samtökin lýsa hins vegar yfir vonbrigðum með að ekki hafi verið brugðist við öðrum ábendingum sem snúa að yfirskattanevnd og hefði vel mátt fjalla um í fyrirliggjandi frumvarpi. Grípa þarf strax til ráðstafana til að tryggja viðunandi málshraða hjá yfirskattanevnd en málsmeðferðatími er sem stendur mun lengri en ásættanlegt getur talist. Þá er nauðsynlegt að tryggja birtingu á öllum úrskurðum yfirskattanevndar en samkvæmt 14. gr. núgildandi laga um yfirskattanevnd segir að yfirskattanevnd skuli birta á vefsíðu sinni helstu úrskurði nefndarinnar árlega. Hefur hlutfall birtra úrskurða á undanförunum árum verði mjög lágt en á árinu 2012 fór það niður í 6%. Getur slík takmörkuð birting á úrskurðum ædsta úrskurðarvalds skattamála á stjórnsýslustigi ekki talist viðunandi enda er birting úrskurða til þess fallin að stuðla að bættri beitingu og túlkun skattalaga sem og auknu réttaröryggi.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Berglora Halldórsdóttir